

Skólaráðsfundur 24. nóvember 2021

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Sigríður Halldórsdóttir, Erla Edvardsdóttir, Thelma Huld Víðisdóttir, Eva Ómarsdóttir og Gunnar Jónsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar um stöðu Covid. Ástandið núverandi, enginn nemandi í sóttkví. Í heildina hafa 25 nemendur smitast og þrír starfsmenn. Verið er þá að horfa til rakningar innan skólans. Eitthvað hefur verið um smit fyrir utan skólans. Smitfjöldinn hefur lítið raskað skólastarfi, létt kennsla í tveimur árgöngum en annars óskert skólastarf. Viðbrögð skólans hafa verið tilmæli til starfsmanna og nemenda um að passa sig, aukið við þrif og sprittvarnir.
2. Fjárhagsáætlun. Fyrri umferð í kynningu í bæjarráði er lokið og fáar athugasemdir sem bárust. Biðlað var til skólana að finna leiðir til að sporna við auknum útgjöldum þar sem staða sveitafélagsins er veikari sökum Covid. Rekstraráætlun kynnt. Launaáætlun kynnt. Í það heila hefur Lágafellsskóli um 1.3 milljarð til að reka skólann. Umræður um skólalóðina og aðkomu að skólanum. Óheppilegt að t.d. að sendingar með öll aðföng þurfi að fara í gegnum skólalóðina. Búið er að fá aðila til að gera heildræna útgerð á skólalóðum skóla í Mosfellsbæ sem fer vonandi fram sem fyrst.
3. Símalaus skóli. Á síðasta fundi var rætt um að ósk foreldrafélags um að gera skólann að símalausum skóla. Síðan þá hefur verkefnið verið kynnt starfsfólki og ásamt því að fá álit nokkurra nemenda í unglingadeild. Betri viðtökur frá starfsmönnum. Takmarkanir við verkefnið er að skólinn hefur fá rými til að bjóða nemendum upp á eitthvað annað skemmtilegt.
4. Lís gengur um skólann um skólann með fulltrúum foreldra til að skoða hvaða rými væri mögulegt að nýta til að setja upp eitthvað áhugavert fyrir unglunga til að bjóða þeim upp á í frímínútum í stað þess að vera í símanum.

Fundi slitið kl. 17:40

Fundarritari

Sigríður Halldórsdóttir